

Háskólafélag Suðurlands ehf.
Ársreikningur 2023

Háskólafélag Suðurlands ehf.
Bankavegi
800 Selfoss

Kt. 650108-0350

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Sundurliðanir	13

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að auka búsetugæði með því að mynda þekkingarnet á Suðurlandi þar sem áhersla er lögð á menntun, rannsóknir og nýsköpun í virku samstarfi fyrirtækja, stofnana og háskóla.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Á árinu 2023 nam hagnaður af rekstri félagsins 22,0 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 69,0 millj. kr. að meðtöldu hlutfé félagsins að fjárhæð 75,9 millj. kr. Ársverk á árinu voru 3,6.

Hluthafar í árslok voru 15 líkt og í ársbyrjun en þeir voru:

	Eignarhluti
Sveitarfélagið Árborg	33,8%
Sveitarfélagið Ölfus	9,8%
Hveragerðisbær	9,1%
Sveitarfélagið Hornafjörður	8,3%
Rangárþing eystra	7,8%
Rangárþing ytra	7,8%
Bláskógabyggð	4,7%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	3,5%
Hrunamannahreppur	3,2%
Mýrdalshreppur	3,0%
Grímsnes- og Grafningshreppur	2,8%
Skaftárhreppur	2,6%
Flóahreppur	1,8%
Ásahreppur	1,6%
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	0,2%

Óheimilt er að úthluta arði til hluthafa á árinu 2024, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Selfossi, 22. apríl 2024

Stjórn:

Helga Þorbergsdóttir
Hugrún Harpa Reynisdóttir
Olga Lísu Garðarsdóttir
Sigurður H. Markússon
Sigurður Þór Sigurðsson
Sveinn Aðalsteinsson
Sæunn Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Ingunn Jónsdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi 22. apríl 2024 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Háskólafélags Suðurlands ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Háskólafélags Suðurlands ehf. („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 22. apríl 2024

KPMG ehf.

Lilja Dögg Karlsdóttir

Rekstrarreikningur árið 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til rekstrar		39.993.000	33.838.000
Framlög til verkefna		42.905.043	47.080.796
Aðrar tekjur		39.377.050	33.053.722
		122.275.093	113.972.518
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	51.931.785	59.245.270
Annar rekstrarkostnaður		47.641.858	43.357.501
Afskriftir	10	27.498	274.980
		99.601.141	102.877.751
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		22.673.952	11.094.767
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		4.872.107	1.754.254
Vaxtagjöld		(13.364)	(11.530)
Gengismunur		(14.405)	(48.213)
		4.844.338	1.694.511
Hagnaður fyrir tekjuskatt		27.518.290	12.789.278
Tekjuskattur		(5.507.698)	0
Hagnaður ársins	13	22.010.592	12.789.278

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	368.178	395.676
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	2.120.000	2.120.000
Fastafjármunir		<u>2.488.178</u>	<u>2.515.676</u>
Viðskiptakröfur		1.408.106	3.950.977
Aðrar skammtímakröfur		6.088.790	394.891
Óinnheimt framlög		0	8.787.404
Handbært fé		92.925.511	63.470.434
Veltufjármunir		<u>100.422.407</u>	<u>76.603.706</u>
Eignir samtals		<u>102.910.585</u>	<u>79.119.382</u>
Eigið fé			
Hlutfé	12	75.853.893	75.853.893
Lögbundinn varasjóður		750.190	750.190
Ójafnað eigið fé		(7.641.154)	(29.651.746)
Eigið fé	13	<u>68.962.929</u>	<u>46.952.337</u>
Skuldir			
Tekjuskattskuldbinding	14	3.163.675	0
Lífeyrisskuldbinding	15	18.782.047	17.381.902
Skuldbindingar		<u>21.945.722</u>	<u>17.381.902</u>
Viðskiptaskuldir		3.015.936	3.377.555
Tekjuskattur til greiðslu	14	2.344.023	0
Fyrirframinnheimtar tekjur		115.656	3.664.575
Aðrar skammtímaskuldir		6.526.319	7.743.013
Skammtímaskuldir		<u>12.001.934</u>	<u>14.785.143</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>33.947.656</u>	<u>32.167.045</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>102.910.585</u>	<u>79.119.382</u>

Skýringar

1. Félagið

Háskólafélag Suðurlands ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Bankavegi á Selfossi.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Innréttingar	4 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	4 ár

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru skráðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisryrnunar.

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun	40.357.866	50.339.383
Mótframlag í lífeyrissjóð	5.497.125	7.048.903
Önnur launatengd gjöld	5.052.676	6.209.792
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	2.196.888	1.706.860
Áfallinn launakostnaður, breyting	(1.172.770)	(6.059.668)
Laun og launatengd gjöld samtals	51.931.785	59.245.270
Ársverk	3,6	4,8

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 13,4 millj. kr. á árinu 2023 (2022: 12,6 millj. kr.).

Skýringar

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2022.....	1.099.920	2.581.859	3.681.779
Heildarverð 31.12.2022.....	1.099.920	2.581.859	3.681.779
Heildarverð 31.12.2023.....	1.099.920	2.581.859	3.681.779
Afskrifað samtals 1.1.2022.....	687.450	2.323.672	3.011.122
Afskriftir ársins	274.980	0	274.980
Afskrifað samtals 31.12.2022.....	962.430	2.323.672	3.286.102
Afskriftir ársins	27.498	0	27.498
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	989.928	2.323.672	3.313.600
Bókfært verð 31.12.2022.....	137.490	258.186	395.676
Bókfært verð 31.12.2023.....	109.992	258.186	368.178
Afskriftahlutföll	25%	25%	

11. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2023		2022	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Katla Jarðvangur ses	36%	1.000.000	36%	1.000.000
Kötlusetur ses	2%	1.000.000	2%	1.000.000
Þekkingasetrið Nýheimar ses	10%	120.000	10%	120.000
		<u>2.120.000</u>		<u>2.120.000</u>

12. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 75,9 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

13. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022.....	75.853.893	750.190	(42.441.024)	34.163.059
Hagnaður ársins	0	0	12.789.278	12.789.278
Eigið fé 31.12.2022.....	75.853.893	750.190	(29.651.746)	46.952.337
Hagnaður ársins	0	0	22.010.592	22.010.592
Eigið fé 31.12.2023.....	75.853.893	750.190	(7.641.154)	68.962.929

Skýringar

14. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	2023	2022
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning	5.507.698	0
Tekjuskattur til greiðslu	(2.344.023)	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>3.163.675</u>	<u>0</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig í árslok:

Rekstarfjármunir	(34.958)	(52.817)
Lífeyrisskuldbinding	(3.756.409)	(3.476.380)
Viðskiptakröfur	(9.387)	(23.468)
Frestaður gengismunur	(5.135)	(6.709)
Yfirfærlegt skattalegt tap	0	(3.410.191)
Niðurfærsla skatteignar	6.969.565	6.969.565
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>3.163.676</u>	<u>0</u>

15. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanns hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin hjá sjóðnum hvílir á Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, sem á endurkröfurétt á félagið. Lífeyrisskuldbindingin greinist þannig í árslok, en hún er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi.

	2023	2022
Áfallin skuldbinding í ársbyrjun	17.381.902	16.359.646
Greitt á árinu	(796.743)	(684.604)
Hækkun á árinu	2.196.888	1.706.860
Áfallin skuldbinding í árslok	<u>18.782.047</u>	<u>17.381.902</u>

16. Önnur mál

Í tengslum við uppgjör á A deild Brúar lífeyrissjóðs barst félaginu krafa á árinu 2018 um að ganga frá samkomulagi um greiðslu framlags samtals að fjárhæð 1,0 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð og varúðarsjóð. Uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóðs byggir á samkomulagi frá árinu 2016 þar sem Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Félagið hefur hafnað ofangreindri kröfu og er ekki færð nein skuld í ársreikningi vegna þessa.

Félagið sér um rekstur á FabLab Selfoss en samningur um árlega fjármögnun er við Héraðsnefnd Árnesinga upp á 6,0 milljónir kr., Fjölbrautaskóla Suðurlands upp á 4,0 millj. kr., mennta- og barnamálaráðuneyti upp á 4,0 millj. kr. og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti upp á 4,0 millj. kr. - samtals 18,0 millj. kr. Samningar við þessa aðila runnu út árið 2023 en nú þegar hefur samningur við Héraðsnefndina verið endurnýjaður til ársins 2028 að upphæð 6,0 millj. kr. árlega. Eins hefur Fjölbrautaskóli Suðurlands tryggt framlag upp á 4,0 millj. kr. í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneytið. Verið er að vinna að endurnýjun samnings við háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti og er gert ráð fyrir að sú vinna klárast samhliða samningum Háskólafélagsins við sama ráðuneyti.

Háskólafélagið og SASS gerðu með sér nýjan samning sem tók gildi í lok júní 2023 og felur í sér framlag að upphæð 7,5 millj. kr fyrir því að sinna hlutverki Byggðarþróunarfulltrúa neðri hluta Árnessýslu.

Samningur félagsins við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið um frámlög fyrir árið 2023 voru að fjárhæð 30,0 millj. kr. Unnið er að nýjum samningi sem gert er ráð fyrir að klárast lok júní 2024 og taki gildi í framhaldi.

Sundurliðanir

	2023	2022
Framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til rekstrar		
Framlag samkvæmt samningi	30.000.000	27.700.000
Viðbótarstyrkur vegna prófþjónustu	9.993.000	6.138.000
	<u>39.993.000</u>	<u>33.838.000</u>
Framlög til verkefna		
Framlag SASS, samningur um ráðgjöf	15.139.519	19.000.000
Framlag SASS, vegna sérverkefnis	0	2.000.000
Lóa nýsköpunarstyrkur	1.875.000	1.250.000
Styrkur vegna Erasmus, Adults on the move	1.250.530	1.617.294
Styrkir vegna Geo tourism	5.419.994	1.213.502
Styrkir vegna FabLab	18.000.000	22.000.000
Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands	1.220.000	0
	<u>42.905.043</u>	<u>47.080.796</u>
Aðrar tekjur		
Leigutekjur	17.007.099	13.176.149
Kostnaðarþátttaka Fræðslunetsins	12.716.020	13.720.059
Endurgreitt rafmagn og hiti	629.372	600.841
Aðgangskort og prófgjöld	4.219.281	3.142.019
Seld kennsla vegna FabLab	225.000	130.000
Selt tæki úr FabLab	500.000	0
Atvinnuleysistryggingasjóður	0	1.730.226
Annað	4.080.278	554.428
	<u>39.377.050</u>	<u>33.053.722</u>
Laun og launatengd gjöld		
Laun	40.357.866	50.339.383
Mótframlag í lífeyrissjóð	5.497.125	7.048.903
Tryggingagjald	2.982.059	3.717.371
Sjóðagjöld móttframlag	964.049	1.339.324
Áfallinn launakostnaður, breyting	(1.172.770)	(6.059.668)
Bifreiðastyrkur	1.106.568	1.153.097
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	2.196.888	1.706.860
	<u>51.931.785</u>	<u>59.245.270</u>
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Skrifstofukostnaður		
Ritföng prentun, pappír og bækur	19.112	195.204
Sími	226.399	260.448
Tryggingar starfsmanna	153.405	135.442
Annar starfsmannakostnaður	347.439	384.459
Burðargjöld	5.313	7.381
Útvarpsgjald	20.200	18.800
Þjónustugjöld	183.962	107.750
	<u>955.830</u>	<u>1.109.484</u>

Sundurliðanir frh.

	2023	2022
Beinn kostnaður vegna verkefna		
Sóknaráætlun	0	24.961
Erasmus, Adults on the move	373.706	912.196
Lóa, nýsköpunarverkefni	2.794.274	2.018.409
Geo Tourism	613.535	1.263.268
FabLab gjaldfærðir lausafjármunir	591.359	648.372
FabLab annar kostnaður	1.941.669	1.552.640
Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands	59.280	0
	<u>6.373.823</u>	<u>6.419.846</u>
Annar stjórnunarkostnaður		
Auglýsingar	67.266	129.556
Rekstur tölvu- og símakerfa	1.534.730	1.275.908
Fundakostnaður	402.622	377.272
Ferðakostnaður	115.938	75.273
Styrkir til ýmissa verkefna	182.610	339.847
Rekstur kaffistofu Fjölheima	1.002.127	649.066
Námskeiðskostnaður	0	90.900
Gjaldfærð áhöld og tæki	181.908	363.252
Viðhald áhaldna og tækja	272.383	345.232
Niðurfærsla viðskiptakrafna	0	51.340
Annar kostnaður	330.477	29.077
	<u>4.090.061</u>	<u>3.726.723</u>
Aðkeypt þjónusta		
Endurskoðun og reikningsskil	2.171.426	1.312.881
Bókhald og launavinnsla	1.444.373	574.750
Prófseta	1.605.480	1.606.030
Önnur sérfræðiþjónusta	440.045	150.699
	<u>5.661.324</u>	<u>3.644.360</u>
Húsnæðiskostnaður		
Húsaleiga	22.935.499	20.578.599
Rafmagn og hiti	3.146.861	3.004.206
Öryggisgæsla	204.429	355.287
Sorpeyðing	437.570	397.893
Hreinlætisvörur og ræstingakostnaður	3.094.906	2.614.752
Viðhald húsnæðis	112.680	550.559
Tryggingar	14.177	13.222
Hlutdeild í kostnaði vegna Fjölheima	614.698	942.570
	<u>30.560.820</u>	<u>28.457.088</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>47.641.858</u>	<u>43.357.501</u>
Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd laun og launatengd gjöld	2.890.847	2.386.792
Áfallið orlof og launakostnaður	3.288.106	4.992.663
Vísa	347.366	363.558
	<u>6.526.319</u>	<u>7.743.013</u>